



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 27. apríl 2020
R20040172

Borgarráð

Bronsslétta 7 og Járnslétta 8 - Lóðarvilyrði

Óskað er eftir að borgarráð veiti Íslenska gámafélaginu ehf., kt. 470596-2289, Koparsléttu 22, 162 Reykjavík, vilyrði fyrir úthlutun á lóðunum Bronsslétta 7 og Járnslétta 8 og meðfylgjandi byggingarrétt. Lóðarvilyrðið er háð því skilyrði að Íslenska gámafélagið sýni fram á að sú Kalkslétta 1, sem félagið hefur þegar fengið úthlutað, dugi ekki fyrir starfsemi félagsins. Lóðarvilyrði þetta gildir til loka árs 2024. Fyrir byggingarrétt lóðanna greiðist markaðsvirði að mata tveggja óvilhallra fasteignasala auk gatnagerðargjalda samkvæmt gjaldskrá ef kemur til úthlutunar.

Greinargerð:

Þann 19. september 2019 fékk Íslenska gámafélagið lóðinni Kalkslétta 1 úthlutað. Félagið hefur áhyggjur af því að sú lóð sé ekki nægjanlega stór fyrir starfsemi félagsins og hefur því óskað eftir lóðarvilyrði fyrir Bronsslétta 7 og Járnslétta 8, en þær lóðir liggja við núverandi lóð félagsins.

Helga Björg Ragnarsdóttir